



DALVÍKURBYGGÐ

2015

# Matsskýrsla og úrbótaáætlun Krílakot og Kátakot

Ábyrgðarmaður: Drífa Þórarinsdóttir

Ritstjóri: Drífa

Myndir: Ýmsir aðilar innan skólanna

22.mái 2015

# Efnisyfirlit

Leikskólinn Krílakot	Gleði – Sköpun – Þor .....	2
Sýn og forysta .....		2
Nám, kennsla og námsumhverfið.....		4
Sameiginlegt mat þvert á leikskólana.....		6
Öryggi .....		7
Mannauður .....		10
Rekstur.....		14
Foreldrar .....		14
Stjórnunarhættir.....		16
Samstarf við aðra skóla og stofnanir .....		16

## Inngangur

Mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í frampróun í skólastarfi og tengist markmiðum og áætlunum. Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum matsins. Það er mikilvægt að átta sig á hvar við stöndum, hvernig við vitum það og hvað við ætlum að gera næst. Hér má sjá mat á skólaárinu 2014-2015, hvað er lagt til grundvallar matinu, niðurstöður og úrbótaáætlun.

Sameiginleg skólanámskrá Krílakots og Kátakots var lögð fram á haustdögum 2014. Skólanámskráin er samt sem áður enn í mótun með tilkomu sameiningar 2016.

Ákveðið var að leggja einkunnarorð Kátakots niður sem voru Gleði - ábyrgð - samvinna. Ástæðan var að lítil vinna hafði verið að innleiðingu. Ákveðið samræma einkunnarorð skóklanna sem eru leiðarljós í starfi í Krílakoti, Gleði - Sköpun - Þor. Ekki fór markviss vinna fram í vetur en það er á áætlun á komandi vetri að efla gleði, sköpun og þor með markvissum hætti og svo þegar allir verða komnir undir sama þak í ágúst 2016.

## Sýn og forysta

### Innleiðing Aðalnámskrár

Innleiðing á skapandi starfi, heilbrigði og vellíðan og mat á skólastarfi voru markmið ársins 2014-2015 og er í raun lokastig formlegrar innleiðingar Aðalnámskrár leikskóla sem gefin var út árið 2011. Auk þess var kaflinn um fjölskylduna og leikskólabarnið á áætlun, þ.e. að efla tengsl og fá foreldra enn frekar til liðs við okkr.

**Niðurstaða:** Sköpun hefur verið eitt af okkar einkunnarorðum í Krílakoti til nokkurra ára og nú einnig hjá Kátakoti. Við höfum lagt okkur fram við að efla sköpun í daglegu starfi, að hafa fjölbreyttan efnivið í boði sem býður uppá fleiri en einn möguleika. Efniviður sem er keyptur inn er að mestu opinn efniviður s.s.

kubbar af ýmsum gerðum. Kennarar hafa verið að útbúa hin ýmsu verkefni út frá þeim námsþáttum og áherslum sem skólarnir hafa valið sér með það í huga að nálgast viðfangsefni út frá fjölbreyttum leiðum í gegnum leikinn.

Heilbrigði og vellíðan er eitt af því mikilvægasta í skólastarfinu, að allir séu glaðir, líði vel og efli kraft og þor. Að okkar mati kom ekki annað til greina en efla þennan þátt þar sem Dalvíkurbyggð hefur unnið að verkefninu Heilsueflandi samfélag. Við fengum kynningu fyrir starfsfólk og foreldra á heilsueflandi skólum og hvað það þýðir og í kjölfarið gerðum við könnun meðal starfsmanna og foreldra um hvort áhugi væri fyrir þátttöku og var nær einróma áhugi fyrir verkefninu. Við sóttum um að komast á heilsubraut í desember og fengum síðan staðfestingu í mars um að við værum komin inn. Við höfum fengið gögn send sem aðlaga þarf að skólanum og hefst því innleiðing þann 5. júní á starfsmannafundi og vonandi fáum við starfsmann frá samtökunum á fundinn til okkar.

Mat á skólastarfi er öflugt hjá skólunum og sveitarfélaginu og megum við vera stolt af því utan um haldi. Mikill stuðningur er við skólana frá hendi fræðsluskrifstofu og sérfræðings á fræðsluviði er varðar framþróun í rekstri og faglegu starfi sem er mikilvægt og ýtir undir framþróun.

**Úrbótaáætlun:** Það þarf stöðugt að huga að sköpuninni og er markmið okkar að efla enn frekar þann þátt, að efla kennara í að gefa börnunum tækifæri til frjálsrar sköpunar og einnig að gefa tækifæri til að fyrirfram ákveðin verkefni geti breyst í vinnslunni með því að hugmyndir barnanna fái notið sín og hafi áhrif á framgang mála. Markmið okkar er að efla áhuga fyrir sköpun í daglegu frjálsum starfi, að blöð, litir, lím, skæri og annar efniviður sem hvetur til sköpunar sé aðgengilegur.

Markmið er að fara á fullt skrið við innleiðingu á heilsueflingu en það mun taka um 1-2 ár að ljúka skráningum og skoða starfið eða þar til mögulegt er að fá að flagga heilsu fánanum og verða fullgildur Heilsuleikskóli.

Mat á skólastarfi er í góðum málum en markmið okkar á komandi ári er að meta foreldrahandbók og starfsmannahandbók og samræma fyrir samruna skólanna. Einnig að fara í markvissa vinnu um gildi fræðsluviðs og einkunnarorð skólanna.

## Nám, kennsla og námsumhverfið

### Nám

**Stærðfræði:** Áætlað er að efla stærðfræðikennslu í leikskólunum á komandi starfsári. Að gera form og tölur aðgengilegri auk áhalda s.s. málbönd og fleira auk þess sem efla kennara í að nýta náttúruna og óhefðbundin efnivið í stærðfræðikennslu. Kennarar fóru á námskeið í Numicon á síðasta ári og er markmið að fleiri kennarar fari á komandi starfsári til að efla fagþekkingu.

**Læsi:** Lögð hefur verið áhersla á læsi undanfarin ár og hafa kennarar verið að útbúa námsgögn í þeirri vinnu. Verkefni byggja mikið á að útbúa myndræn verkefni, söngva, vísur og sögur. Markmið okkar er að efla enn frekar læsi á elsta stigi með markvissri námskrá og verkefnavinnu.

**Grænfáni:** Vorið 2014 flöguðum við fánanum okkar í annað sinn og gerðum okkur ný markmið. Í Kátakoti var í vetur unnið með verkefni tengt náttúrunni og gamla tímanum. Jarðskjálftinn á Dalvík var verkefni Sólkots og Jóhann Svarfdælingur var verkefni Mánakots. Bakkabræður verður að öllum líkindum verkefni komandi árs hjá báðum deildum, unnið út frá sögunni. Í Krílakoti hefur verið unnið með hollustu og næringu og hvaðan maturinn kemur og heldur það verkefni áfram auk þess að færa okkur út á lóðina, merkja plöntur, skoða fuglalífið og fleira.

**Útikennsla:** Útikennsla var með svipuðu sniði í Kátakoti og hefur verið nema farið var í smærri hópum til að ná betur til barnanna með það að markmiði að kennslan yrði skilvirkari. Allir hópar fóru í hverri viku í útkennslu/vettvangsferðir þar sem kennari var með ákveðin markmið í tengslum við þau verkefni sem unnið var að hverju sinni. Markmiðið var að nýta nærsamfélagið til að auðga kennsluna: umferðarfræðsla, að þekkja umhverfi sitt auk þess að njóta, nýta og rannsaka. Útikennsla verður með svipuðu sniði á komandi skólaári. Í Krílakoti var útikennsla að mestu bundin við leikskólalóðina þar sem börnunum var skipt í hópa með ákveðin verkefni s.s. læsi, tónlist, sögur, leiki og hreyfingu. Þau allra yngstu kynntust leikskólalóðinni og fóru í gönguferðir um nágrennið með kennurum sínum. Keypt var kerra fyrir 5 börn og foreldrafélagið gaf okkur aðra sem gefur okkur möguleika á að fara í vettvangsferðir um nágrennið með yngstu börnin og kennararnir fá hreyfingu sem er markmið í heilsueflandi Dalvíkurbyggð.

**ART:** Haustið 2014 fóru elstu börnin í Kátakoti í ART stundir með kennurum sínum. Fyrri hlutinn gekk vel en seinni hluti efnisins mátu kennarar aðeins of þungt fyrir hópinn. Tekin var ákvörðun að nýta frekar Stig af Stigi í að læra tilfinningastjórn, hvernig góð samskipti virka og virðingu fyrir náunganum. Ástæðan er að ART námskeið eru haldin óreglulega, eru kostnaðarsöm og taka

mikinn tíma. Stig af stigi er aðgengilegra, auðvelt að fá námskeið á Akureyri og er að mati kennara gott og aðgengilegt námsefni með sömu markmið.

**Stig af stigi:** Skólaárið 2014-2015 voru börnin á Mánakoti markvisst í stig af stigi sem er námsefni til að efla tilfinningastjórn og ræða um líðan. Það gekk vel að vinna með Stig af stigi og verður markvisst unnið með námsefnið áfram á næsta starfsári. Markmið er að 4-6 kennarar fari á námskeið á haustdögum þar sem fram fer kennsla um hvernig námsefnið nýtist best. Stig af stigi verður nýtt í kennslu á bæði Mánakoti og Sólkoti á komandi skólaári.

**Söguskjóður:** Í vetur hafa söguskjóður farið reglulega heim með börnunum og kennarar nýtt sér þær í kennslunni. Við útbjuggum einn poka um Bangsimon og vini hans sem áætluður er fyrir yngsta hópinn, með mjúkum böngsum í, hljóðfærum og fleira við hæfi. Við áætlum að halda áfram að nýta skjóðurnar og jafnvel gera fleiri. Foreldrar eru duglegir að fá skjóðurnar heim og hafa þær vakið athygli á landsvísu.

**Fjölmening:** Unnið er samkvæmt fjölmeningarstefnu Dalvíkurbyggðar. Um 30% barna er af erlendum uppruna og er tekið mið af því við uppbyggingu skólustarfsins. Söguskjóðurnar sem unnar voru af foreldrum er nýttar til að tengja heimili og skóla. Nýtt verkefni leit dagsins ljós sem heitir LAP. Linguistically appropriate practice og miðar að því að efla málþroska og læsi með tilliti til fjölmeningar. Verkefnið hlaut styrk frá sprotasjóði.

**Uppeldi til ábyrgðar:** Þetta skólárið var unnið með agastjórnun og viðbrögðum við óæskilegri hegðun. Sú vinna heldur áfram á komandi starfsári og er markmið að starfsfólk leikskólanna fari í námsferð til bandaríkjanna til að heimsækja skóla sem vinna eftir stefnunni. Hvað varðar starfsmannahópinn þá höfum verið að efla samstarf milli skóla og samræma vinnubrögð. Allir kennarar fengu spjöld í bandi til að hafa um hálsinn eða í skúffum sínum til að geta lesið reglulega og farið yfir málmið og vinnulag.

## Skipulag

Mat á dagskipulagi, mánaðarskrám og skóladagatali.

**Áætlanir og skipulag:** Áætlað er að mánaðarskrár komi út um hver mánaðarmót. Skóladagatal er metið eftir hvert ár og útbúið nýtt í samráði við aðra skóla Dalvíkurbyggðar fyrir hvert skólaár. Foreldraráð hefur umsögn með skóladagatali. Námsáætlanir eru gerðar fyrir hverja önn.

**Niðurstaða:** Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi á skipulagi í Krílakoti. Í Kátakoti var gert nýtt dagskipulag þar sem óánægja var með fyrra skipulag. Ákveðið var að ráðast ekki í gerð námáætlunar fyrir heila önn í einu eins og í Krílakoti heldur leyfa fyrra skipulagi að halda sér út skólaárið 2014-2015.

**Úrbótaáætlun:** Breytingar á námsáætlunum verða gerðar fyrir komandi skólaár þ.e. námsáætlun fyrir alla kennara eina önn í senn. Deildarstjórar munu funda nú í júní og fara yfir námsáætlanir og gera áætlun út frá aldri. Það er svo kennarana að finna leiðir að þeim markmiðum sem námsáætlunin segir til um og því ákveðið frelsi sem kennarinn hefur til að skapa fjölbreytt verkefni í tengslum við áætlunina.

Áætluð sumarlokun skólaárið 2015-2016 verður 5 vikur í stað 4 vegna framkvæmda árið 2016. Það var samþykkt af fræðsluráði.

## Sameiginlegt mat þvert á leikskólana

Einn námsþáttur metinn á ári. s.s. Leikskólalæsi, uppeldi til ábyrgðar, Tónar og Grænfánaverkefni eða annað. Ákvörðun um hvaða þáttur er metinn er ákveðinn í sameiningu.

**Niðurstaða:** Gerð var könnun vorið 2014 á því hvort foreldrar í Kátakoti og Krílakoti vildu sameina foreldrafélög skólanna á komandi starfsári 2014-2015. Niðurstöður voru kynntar foreldrafélögum skólanna og voru foreldrar samþykkir sameiningu. Í september 2014 voru svo foreldrafélögin sameinuð og ný lög samþykkt á foreldrafundum skólanna.

Unnið var markvisst að sameiginlegri skólastefnu leik-, grunn og tónlistarskóla sem síðan leit dagsins ljós í apríl 2015.

**Úrbótaáætlun:** Foreldrafélagið kom á fund með skólastjóra í maí 2015 til að fara yfir starf foreldrafélagsins. Sumir þættir hafa verið unnið á ólíkan hátt og er

hugmyndin að sameina þá og móta áætlun í tengslum við lög félagsins. Markmið er að stjórn foreldrafélags fundi ár hvert í september með stjórnendum og lagðar séu línur fyrir veturinn.

Innleiðing á Skólastefnu Dalvíkurbyggðar er þegar hafin og lýkur þeirri vinnu formlega 2016 ef allt gengur eftir. Innleiðingaráætlun er tilbúin.

## Öryggi

Mat á öryggispáttum er varða skólann

**Dagleg lóðaskoðun:** starfsfólk leikskólans fer yfir lóðina á hverjum morgni áður en börnin fara í útiveru. Skráð er niður hvort eitthvað finnst á lóðinni eða einhverjar skemmdir hafa orðið yfir lokunartímann. Þetta er krafa frá heilbrigðiseftirlitinu.

**Niðurstaða:** Oft þurfti starfsfólk að fjarlægja rusl af lóðinni og stundum sígarettur og/eða áhöld til fíkniefnaneyslu sem þá er tilkynnt til lögreglu.

**Úrbótaáætlun:** lóðaskoðun mun fara fram eins og áður, skrá hvað finnst og hvort skemmdir eru á útisvæði og úrbætur gerðar strax og þörf er á.

**Árleg úttekt á leikvelli:** Árlega skal taka út leikvelli á vegum sveitarfélagsins og á vegum Heilbrigðisstofnunar norðurlands. Séu framkvæmdir á leikvöllum eða breytingar skal leita frekari úttektar.

**Niðurstaða:** Úttekt/Aðalskoðun á vegum sveitarfélagsins var gerð og voru það BSI sem framkvæmdi skoðunina. Einhverjar ábendingar bárust á báðum leiksvæðum. Hjá Kátakoti voru leiktæki lagfærð s.s. máluð og settar nýjar festingar. Grindverk sem er orði mjög slakt var fest og lagfært á kafla en í vetur hrundi það á stórum kafla og þarf því að yfirfara það reglulega þar til skólinn lokar. Á lóðinni við Krílakot var róla endurnýjuð, festingar endurnýjaðar og ljósastaurar málaðir.

**Úrbótaáætlun:** Heilbrigðiseftirlit norðurlands kom í maí 2015 og óskar eftir smávægilegum lagfæringum á lóðinni við Krílakot. Lóðin við Kátakot er í verra ástandi en mælt var með smá lagfæringum til að tryggja öryggi barnanna þar til leikskólanum verður lokað s.s. setja mól undir rólur, taka niður klifur-lykkjur og lagfæra girðingu.



**Vinnuaðstaða kennara og barna:** Meta skal reglulega vinnuaðstöðu kennara og barna og lagfæra og bæta eftir þörfum.

Vinnuastaða hefur lítið breyst frá því Valdís iðjupjálfi kom og tók allt út. Niðurstaðan var góð.

**Niðurstæða:** Endurnýja þarf skrifborðsstóla og var einn keyptur í maí 2015. Fjölga þarf kennarastólum (rúllustólum) og er það á áætlun 2015.

**Eldvarnaráætlun og æfingar:** Brunæfingar skulu vera á hverri önn. Yfirfara skal brunakerfið á hverju hausti. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um rýmingaráætlun og þekkja hlutverk sitt í því ferli. Slökkviliðsstjóri tekur út skólann á hverju starfsári.

**Niðurstæða:** Brunæfingar voru á haust og vorönn. Páll rafvirki tók út brunakerfið. Slökkviliðsstjóri tók út skólann og fengum við ábendingu um að þegar farið verður í framkvæmdir þarf að setja annarskonar veggi.

**Úrbótaáætlun:** Halda áfram sama striki, skipuleggja æfingar og eftirlit fagaðila.

**Eineltisáætlun og eftirfylgni:** Einelti í Krílakoti er ekki liðið og skal starfsfólk tilkynna til deildarstjóra, skólastjóra eða Eineltisteymis Dalvíkurbyggðar liggja grunur á því að starfsmaður verði fyrir einelti af einhverju tagi. Eineltisteymi kynnir áætlun sína og störf eftir þörfum, ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.

**Niðurstæða:** Eineltisteymi Dalvíkurbyggðar kynnti starfsemi sína og eineltisáætlun Dalvíkurbyggðar árið 2014 eins og áætlað var. Niðurstæða könnunar meðal starfsfólks 2015 segja að enginn upplifi fordóma, upplifir áreiti eða einelti sem er jákvætt því undanfarin ár hafa starfsmannakannanir bent til þess að svo sé.

**Úrbótaáætlun:** Skólastjóri kynnir eineltisteymið fyrir starfsfólki 2015 og verður árleg könnun meðal starfsfólks nýtt til að kanna stöðuna eins og ár hvert. Starfsmannasamtöl eru árleg og verða einnig nýtt til að kanna frekar líðan starfsmanna.

**Slysaskráning og forvarnir:** Markviss slysaskráning hefur verið til fjölda ára í Krílakoti. Öll slys skal skrá, smá sem stór og fyllir starfsfólk út sérstakt slysaskráningarblað sem síðan er varðveitt og í lok hvers árs er farið yfir fjölda

skráninga, hvar slysin urðu, hvernig þau urðu og afleiðingar og unnið að úrbótaáætlun.

**Niðurstaða:** Slysaskráning er í góðu lagi og allir starfsmenn meðvitaðir um mikilvægi skráningar.

**Úrbótaáætlun:** Engin þörf á úrbótum vegna slysaskráningar þar sem hún er í góðu lagi.

**Áfallaáætlun:** Áfallaáætlun á að vera til við skólann, hún yfirfarin reglulega og passað upp á að allt starfsfólk þekki áætlunina og hlutverk sitt.

**Niðurstaða:** Áfallaáætlun er tilbúin.

**Úrbótaáætlun:** Áætlunin er tilbúin og skulu allir starfsmenn lesa hana árlega til upprifjunar.

Áætlun um hvernig við mætum þörfum nemenda, foreldra og starfsfólks.

**Starfsfólk:** Móttökuáætlun og starfsmannahandbók . Starfsmannakönnun að vori. Tölulegar upplýsingar úr Bakverði um mætingu, veikindi og leyfi starfsfólks. Starfsmannasamtöl að vori. Þátttaka starfsfólks í mótun skólasamfélagsins, námi og kennslu, með hópavinnu. Lýðræðis gætt við ákvarðanatökur s.s. hugmyndakassi og atkvæðagreiðsla.

**Móttökuáætlun nýrra starfsmanna:**

**Niðurstaða:** Móttökuáætlun er tilbúin..

**Úrbótaáætlun:** Leikskólastjóri og deildarstjóri sjá um að taka á móti nýju starfsfólki og skipta með sér verkum. Móttökuáætlun er nýtt til að koma starfsfólki inn í leikskólastarfið. Móttökuáætlun verður endurnýjuð júní 2015.

**Starfsmannahandbók:**

**Niðurstaða:** Starfsmannahandbók er tilbúin.

**Úrbótaáætlun:** Áætlað er að fara yfir starfsmannahandbók á árinu 2015 og samræma ýmsa þætti vegna sameiningar Krílakots og Kátakots.

**Starfsmannakönnun:** Dalvíkurbyggð

**Niðurstaða:** Starfsmannakönnun kom vel út og farið var yfir niðurstöður með öllu starfsfólki skólans og hvatt var til umræðu um niðurstöður. Þrír af 29 starfsmönnum svöruðu að sér finndist álag í starfi skóklaárið 2014-2015. Vorönn 2015 voru 5 starfsmenn í veikindaleyfi í Krílakoti sem skýrir álag. Til samanburðar þá var árið 2010 helmingur af starfsfólkinu sem mat álag of mikið. Þó svo álag hafi mælst þá sýnir könnunin að nær öllu starfsfólki líður vel, starfsemi skólans sé vel skipulögð og að allir séu að vinna saman sem ein heild. Karlmaður er starfandi í Kátakoti og var merkt við þar að einhver upplifir að ekki sé jafnrétti milli kynjanna sem þarf að skoða.

**Úrbótaáætlun:** Engin sérstök þörf á úrbótaáætlun en starfsfólk hvatt til að leita til deildarstjóra, leikskólastjóra eða eineltisteymis Dalvíkurbyggðar finni þeir fyrir vanlíðan í starfi s.s. fordómum. Könnun verður aftur gerð árið 2016.

**Ánægjukönnun meðal starfsfólks:** Könnun á vegum öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanns, útfært af vinnuvernd.

**Niðurstaða:** Ekki var lögð fyrir ánægjukönnun meðal starfsfólks á vegum öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanns. Ástæðan sú að þeir töldu könnunina sýna sama og starfsmannakönnun Dalvíkurbyggðar.

**Úrbótaáætlun:** Könnunin verður felld niður.

**Tölulegar upplýsingar úr bakverði, mæting, veikindi og fjarvera**

**Niðurstaða:** Fjarvera starfsfólks var um 6% þetta árið sem tónar við síðasta ár. Þetta telst nokkuð eðlilegt en samkvæmt vinnuvernd eru fjarverur á vinnustöðum allt frá 2% upp í 15%. Frá júní 2013-júní 2014 var starfsfólk frá starfi vegna langtímaveikinda en veikindi barna og starfsfólks þ.e. umgangspesstir voru í lágmarki.

**Úrbótaáætlun:** Ekki þörf á neinum aðgerðum nema hvetja fólk til að skiptast á við maka sinn að sinna veikindum barna ef mögulegt er og að taka sér LL leyfi nema í neyð.

**Starfsmannasamtöl, samtöl við allt starfsfólk ár hvert**

**Niðurstaða:** Starfsmannasamtöl voru frá mars - júní árið 2015. Allir starfsmenn fóru í samtal og voru þau nýtt til umræðu um líðan og gengi í starfi. Niðurstaða var á þá leið að starfsfólkinu virðist líða vel í vinnunni og sátt við sitt hlutverk. Samskiptabátturinn fer batnandi og fólk sammála um að góður vinnuandi sé í húsinu. Það kom fram í samtölum mikilvægi þess að allt starfsfólk sinni þeim verkum sem þeim ber að sinna og sé metnaðarfullt t.d. mæti á réttum tíma. Einnig rætt um mikilvægi þess að deila verkefnum og vinna saman að þeim markmiðum sem sett eru.

**Úrbótaáætlun:** Rætt var við starfsfólkið um mikilvægi góðra samskipta og að í Krílakoti og Kátakoti vinna allir saman sem einn. Mikilvægi þess að hafa gleði að leiðarljósi samanber einkunnarorð skólans og hjálpist að við að ná markmiðum. Starfsfólk var hvatt til að nýta sjóði sína til að endurmennta sig.

**Pátttaka starfsfólks í mótun skólasamfélagsins, Lýðræði, fundir og hópavinna**

**Niðurstaða:** Krílakoti voru settir voru í gang hópar árið 2013 um ákveðin verkefni, læsi, grænfána, uppeldi til ábyrgðar og mat á skólastarfi svo eitthvað sé nefnt. Hóparnir hittust reglulega skólaárið 2013-2014 en minni tími gafst á árinu 2014 - 2015 og því varð það ekki nægjanlega markvisst.

**Úrbótaáætlun:** Áframhaldandi vinna á skólaárinu 2015-2016. Til að starf hópanna verði markvisst þá munu hóparnir hittast reglulega auk þess að gera greinagerð eða koma með hugmyndir inn á fundi og í fréttbréf. Markmið að starfsfólk sé meðvitað um stöðu skólans og þau verkefni sem er verið að vinna að. Einnig að horft sé til framtíðar og starfsfólk sé samstíga um framtíðarsýn skólans.

**Endurmenntun:** Starfsfólk skólans fékk endurmenntun á vegum skólans er varðar fordómafræðslu, starfsemi Barnaverndar og upplýsingaskyldu, heilsuvernd og þjónustu við foreldra og börn. Einnig varðandi vinnuástöðu og mikilvægi réttar líkamsbeytingar. Einstaka starfsmenn fóru á námskeið tengdum ákveðnum verkefnum: TRAS, ASEBA, Snemmtæka íhlutun, Stig af stigi, Leið til læsis og Numicon svo eitthvað sé nefnt.

### Námsferð

Starfsfólk Kátakots og Krílakots stefnir á námsferð í maí 2016.

### Nemendur

**Proskalýsingar:** Fylla skal út þroskalýsingu fyrir hvert barn reglulega yfir árið og fundað með foreldrum allra barna á vorönn og kynnt fyrir þeim staða barnsins.

**Niðurstaða.** Proskalýsingar fyrir öll börn voru fyllt út og fundað með öllum foreldrum. Engar athugasemdir bárust varðandi þroskalýsingar og lýstu foreldrar ánægju sinni yfir samtölunum og fanns þau markviss. Við tókum þátt í þróunarverkefni „Vörður leið til læsis“ sem fólst í að fylla út lysta varðandi læsi frá leikskóla til 4 bekkjar grunnskóla. Markmiðið er að öll skimun er varðar læsi sé á einum stað og markviss sé fylgst með málproska og læsi. Starfsfólk fór á TRAS námskeið sem er tæki til málproskaskimunar.

**Úrbótaáætlun:** Halda áfram sama striki og halda vel utan um allar skráningar. Bæta þarf við skráningu er varðar skóla á heilsubraut og aðlaga að okkar þroskalýsingum. Einnig kemur í ljós hvenær Vörður leið til læsis tilbúið til notkunar og þá munum við nýta okkur það skjal og aðlaga að okkar listum. Byrjum að nýta TRAS málproskaskimun.

**EFI:** Málþroskapróf gert á öllum börnum á aldrinum 3,1 - 3,7 ára.

**Niðurstaða:** Öll börn á aldrinum 3,1-3,7 ára fara í EFI próf hjá kennurum skólans. Niðurstaðan var að flest börnin komu vel út hvað varðar skilning og tjáningu en það eru þeir þættir sem prófið mælir.

**Úrbótaáætlun:** Öll börn sem aldur hafa til fara í EFI málþroskapróf þegar þau eru 3,5 ára og aftur að vori áður en þau flytjast í Kátakot sé þörf á því. Niðurstöður fylgja börnunum áfram með öðrum gögnum um gengi og þroska.

**Málörvun:** Úthlutað var 25% starfshlutfalli í markvissa málörvun árið 2014-2015 til að mæta 28% fjölmenningu í Krílakoti. Daglega fóru þau börn sem mesta þörf höfðu fyrir málörvun í tíma með kennara þar sem málörvun fór fram í gegnum spil og leiki. Hugtakalistinn sem unnin var í fyrra var nýttur til að styðjast við í málörvunartímum. Áætlað er að halda áfram að gera ráð fyrir úthlutun starfshlutfalls í málörvun meðan fjöldi nemenda af erlendum uppruna er enn nær 30%.

### Sérkennsla

Kátakot fékk úthlutað 75% stöðu í stuðning við nemendur skólaárið 2014-2015. Ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi stuðningi í Kátakoti á komandi skólári.

### Nemendavernd

Haldnir eru 4-5 fundir á ári hjá nemendavernd. Í nemendavernd sitja leikskólastjóri, kennsluráðgjafi, starfsmaður heilsugæslu, þroskaþjálfari og deildarstjórnar þeirra nemenda sem eru til umfjöllunar. Ávallt er fengið samþykki foreldra áður en málefni nemenda eru til umfjöllunar.

### Heimsóknir þroskaþjálfara og kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi kom og tók út leikskólastarfið haustið 2015. Markmiðið var að fylgjast með starfi skólans og koma með ábendingar um hvað það sem gott er og hvað má betur fara.

Þroskaþjálfari kemur ef leikskólastjóri óskar eftir stuðningi við ákveðin málefni barna. Á liðnu ári kom þroskaþjálfari til að skima börn í Krílakoti og Kátakotiað ósk kennara/leikskólastjóra.

## Rekstur

### Nýting leikskólalássa

#### Mætingar barna á ársgrundvelli

**Niðurstaða :** Fjöldi barna var um 56. Nýting á leikskólalássum var um 90,5% að meðaltali þ.e. fjarvera barna var um 10% vegna veikinda og fría sem er sama tala og árið 2013. Fjarvera starfsfólk var um 6 % þannig að leikskólalífið er nokkuð í takt þó svo sumir dagar sé auðveldari eða erfiðari en aðrir.

**Úrbótaáætlun:** Halda skráningu áfram og gera samanburð árlega.

#### Fjármál

Mat er á stöðu fjármála ár hvert.

**Niðurstaða:** Ári 2014 var rekstur skólans innan þessa ramma sem fékkst til rekstursins eða rúnum 3% undir áætlun í báðum skólum. Ein ástæðan fyrir að svona mikið var eftir af áætluðu rekstrarfé var ofáætlun á laun í Krílakoti vegna sérkennslu sem átti að færast á annan lið og í Kátakoti var aðeins einn deildarstjóri í stað tveggja sem áætlað var þar sem enginn sótti um. Aðstoðarleikskólalássi sinnti því starfi deildarstjóra samhliða.

**Úrbótaáætlun:** Gera sitt besta til að halda fjárhagsramma og finna leiðir til lausna.

## Foreldrar

Foreldrakönnun að vori. Mat á mætingu á foreldrafundi, mætingu á viðburði og aðkomu foreldra að skólasamfélaginu. Foreldrasamvinna, foreldrafélag og foreldraráð.

Foreldrasamtöl - einstaklingsmiðuð- þroskálýsingar fylltar út hjá öllum börnum.

#### Foreldrakönnun

**Niðurstaða:** Foreldrakönnun var gerð í apríl 2015. Niðurstöður voru góðar og virðist vera að foreldrar séu nokkuð ánægðir með leikskólana. Samt sem áður fengum við ábendingar um hvað mætti fara betur sem við tókum til greina og höfum þegar gert úrbætur.

**Úrbótaáætlun:** Huga að upplýsingaflæði, sýna gleði í starfi og efla einstaklingsmiðaða kennslu, þ.e. að mæta einstaklingum eftir getu og verkefni miði að ólíkum einstaklingum með ólíka reynslu og þroska.



**Foreldraráð :** fundað að minnsta fjórum sinnum á ári. Leggja fyrir skóladagatal og breytingar á námskrá eða skipulagi skólans.

**Niðurstaða:** Fundað var fjórum sinnum með foreldraráði og leitað álits á skóladagatali og ýmsum viðburðum tengdum foreldrum. Einnig leitað eftir samstarfi er varðar viðbyggingu. Tveir fulltrúar, einn frá foreldrafélagi Krílakots og foreldraráði Krílakots buðu sig fram og hafa fundað og lagst yfir teikningar af komandi nýbyggingu. Fulltrúi frá foreldraráði hefur einnig setið fundi fræðsluráðs þegar hann hefur komið því við.

**Úrbótaáætlun:** Halda sama striki.

**Foreldrafélag:** Fundað er með foreldrafélagi að minnsta einu sinni á ári.

**Niðurstaða:** Fundað var með foreldrafélagi og foreldraráði í maí 2015 . Farið yfir lögin og kannað hvernig foreldrafélagið vill sjá samstarf við leikskólann þróast.

**Úrbótaáætlun:** Funda að hausti með foreldrafélagi og leggja línur vetrarins.

### Foreldrafundir

Foreldrafundir eru tvisvar á ári.

### Niðurstaða

Árlegur haustfundur var í lok ágúst þar sem farið var yfir starf vetrarins. Kosin var ný stjórn foreldrafélagsins og fulltrúar buðu sig fram til starfa í foreldraráð skólans. Fundur er með foreldrum nýrra barna í Krílakoti var í maí þar sem starfsemi skólans var kynnt og foreldrar fengu tækifæri til að kynnast hverju öðru og stjórnendum skólans. Einnig far fundur í Kátakoti í maí fyrir foreldra þeirra barna sem eru að flytjast milli leikskóla.

Með tilliti til jafnréttis út frá kynjum könnuðum við mætingu foreldra þ.e. feðra og mæðra og eru mæður í miklum meirihluta sem mætir á fundi og uppkomur. Feður eru samt sem áður virkir s.s. þegar kemur að þátttöku í foreldraráði og einnig í aðlögun barna sinna.

**Úrbótaáætlun:** Halda áfram góðu samstarfi við foreldra.



## Stjórnunarhættir

Hversu góð stjórnun er í skólanum. Niðurstöður starfsmannakönnunar hvað stjórnun varðar. Stjórnendafræðsla eins og mögulegt er og mat á því verkefni.

**Niðurstaða:** Leikskólastjóri var í stjórnendafræðslu frá Bifröst. Niðurstaða starfsmannakönnunar leiddi í ljós að flestir eru ánægðir með stjórnun skólans í heild sinni. Hugmyndakassi var nýttur þegar kom að ákvarðanatöku s.s. um hvernig ætti að eyða þeirri peningaupphæð sem Krílakot fékk fyrir góðan rekstur og faglegt starf. Einnig til að draga fram álit kennara og viðhorf s.s. í Kátakoti var óskað eftir því að fá frá starfsfólki hvar þeim finnst álag vera í starfi o.frv. Deildarstjórar sóttu um að komast á stjórnendafræðslu á Bifröst en það var fullt á námskeiði. Stjórnendur fóru í námsferð til Kanada um jafnrétti í víð samhengi sem var áhugaverð og gagnleg. Aukin þekking á hinum ýmsu málefnum jókst og virðing fyrir fjölbreytileikanum.

**Úrbótaáætlun:** Farið yfir niðurstöður könnunar í starfsmannasamtali og farið yfir hve mikilvæg góð samskipti eru og hafa lýðræði í stjórnun. Markmið að efla jákvæðni og starfsgleði með sköpun að leiðarljósi. Markmið komandi árs er að efla fagmennsku skólustjórna efla deildarstjórn. Markmið að deildarstjórar fari á námskeið á Bifröst verði það auglýst aftur eða finna námskeið í stjórnun sem nýtist þeim í starfi.

## Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Gerð könnun meðal samstarfsaðila um hvernig til tókst, hvað mátti gera betur og tekin ákvörðun um framhaldið. Árskógarskóli - faglegt samstarf. Kátakot- faglegt samstarf auk heimsóknna milli skóla og samvinna með ákveðna þætti s.s. aðlögun milli skólanna. Bókasafn- faglegt samstarf og heimsóknir. Tónlistarskólinn - faglegt samstarf og heimsóknir. Fræðsluskrifstofa - faglegt samstarf. Félagsmálasvið- faglegt samstarf. Heilsugæsla - faglegt samstarf.

**Bókasafn:** Samstarf við bókasafn var með sama sniði og síðasta ár. Elstu þrjú árgangarnir fóru á safnið og stóð samstarfið yfir allt skólaárið. Samstarfið gekk vel og voru heimsóknir á bókasafn einu sinni í viku þar sem starfsfólk bókasafns eða kennarar barnanna lásu fyrir þau og kenndu þeim að umgangast bækur og safnið í heild sinni.

**Kátakot - Krílakot:** Samstarf milli skólanna hefur aukist milli ára. Búið er að sameina námskrár og annað sem þörf er á og er það undanfari sameinigar árið 2016. Samnýting sérfræðinga t.d. túlka, talmeinafræðinga og fræðslu er milli leikskólanna og annarra stofnana á fræðsluviði hefur aukist. Fundir voru haldnir sameiginlegir á starfsárinu þegar þörf var á sem og fræðsla.

**Víkurröst:** Ekkert samstarf var við Víkurröst þetta skólaárið nema fengum að nýta klifurvegginn þeirra.

**Tónlistarskólinn:** Samstarf milli Krílakots/Kátakots og tónlistarskólans í vetur var lítið en við fengum tónlistarkennara í heimsókn með hljóðfæri í báða skólana og börnin í Kátakoti fóru í tvær heimsóknir í tónlistarskólann.

**Fræðsluskrifstofa:** Gott samstarf var milli stjórnenda skólans og fræðsluskrifstofu og góður stuðningur við verkefni s.s. áætlanagerðir, fjárhagsáætlanir, þróunarverkefni og fleira. Fræðsluskrifstofa hefur einnig umsjón með skoðanakönnunum til foreldra og starfsmanna í samstarfi við skólana.

**Heilsugæsla:** Samstarf við heilsugæslu gengur vel. Starfsmaður heilsugæslu situr nemendaverndarráðsfundi með kennurum og starfsfólki félagsþjónustu og fræðsluviðs um 4 sinnum á ári og oftast eftir þörfum  $2\frac{1}{2}$  árs skoðanir og 4 ára skoðanir fara fram í leikskólunum. Það er komin góð reynsla á samstarfið og er ánægja meðal foreldra, kennara og heilsugæslu með þetta fyrirkomulag og markmið að halda því áfram. Börnin eru flest öll örugg og hefur þroskaprófið gengið vel.

**Félagsþjónusta:** Gott samstarf er milli kennara og félagsþjónustu, reglulegir fundir og einnig kemur þroskaþjálfari frá félagssviði og fylgist með börnunum reglulega og eftir þörfum.

**Lokaorð:** Það er mat skólastjóra að skólaárið 2014-2015 hafi gengið vel og í kjölfar mats hafi verið gerðar breytingar til batnaðar eins og mögulegt er. Starfsmannahald hefur verið nokkuð stöðugt en mikið um langtímaveikindi. Það er gaman að segja frá því að öll börn sem fædd eru árið 2014 hafa fengið boð um leikskólapláss í haust. Þetta er líklegast eitt af fáum sveitarfélögum á landinu sem bjóða uppá slíka þjónustu við fjölskyldufólk sem er frábært og við getum verið stolt af.

Leikskólastjóri  
Drífa Þórarinsdóttir